



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Stykkishólmur, 25. maí 2022
MÍ202205-0138/ 6.09 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Vesturbyggð. Breyting á deiliskipulagi Bíldudalshafnar

Með tölvupósti, dagsettum 10. maí. 2022 óskaði Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingar á deiliskipulagi Bíldudalshafnar.

Breyting á deiliskipulagi 2021 felst í tilkomu 6 nýrra lóða: Strandgötu 14A, Strandgötu 14B, Strandgötu 14C, Strandgötu 14D, Strandgötu 14E og Hafnarteigs 4A. Þessar nýju lóðir eru á fyllingu sem í deiliskipulagi 2013 var ætluð sem stækkun á Hafnarteigi 4 til norðurs og taldist hluti þeirrar lóðar frá 2013. Einnig breytingu á stærð tveggja lóða, þ.e. stækkun lóðar Strandgötu 10-12 og minnkun Hafnarteigs 4. Skipulagssvæði er stækkað til norðurs þannig að geymslusvæði norðan nýrra lóða Strandgötu 14B og Strandgötu 14C verður innan marka deiliskipulags.

Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður

Afrit sent í tölvupósti:
Skipulagsfulltrúi (oskar@landmotun.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslutalaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.